

**Nd.**

**159. Frumvarp til laga**

[145. mál]

um stjórn fiskveiða 1986—1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla, sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark, sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein, enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 11. gr. miðast við það magn.

2. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum, m. a. að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tiltekna veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa samkv. 2. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til veiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, enn fremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri.

4. gr.

Leyfi til botnfiskveiða eru tvenns konar:

A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ. e. heimild til þess að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.

B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ. e. heimild til þess að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafli.

Þeir, sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri, skulu árlega velja fyrir þau tímamörk, sem ráðherra auglýsir, milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið í milli fyrir auglýst tímamörk, skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfelt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur, sem veiðist í ákveðin veiðarfæri, skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips. Þá getur ráðherra ákveðið að afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með 10% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða þorskaflahámarki skips er náð hverju sinni.

Missi skip veiðileyfi skv. 11. eða 19. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

#### 5. gr.

Við úthlutun aflamarks samkvæmt 4. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1985 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 1 8. janúar 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 1. gr., að teknu tilliti til ákvæða 7. og 10. gr.

#### 6. gr.

Við ákvörðun sóknarmarks skal m. a. hafa hliðsjón af úthlutun fyrir árið 1985 og afla sóknarmarksbáta það ár. Ráðherra getur með reglugerð sett frekari reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra á tímabil, flokka skipa, þorskaflahámark, veiðisvæði o. fl.

#### 7. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1986 fyrir fiskiskip þau sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1985 gilda eftirfarandi reglur:

- A. Aflamark af einstökum fisktegundum skal ákveðið þannig að afli þeirra á árinu 1985 vegi þriðjung en reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1985 tvo þriðju.
- B. Þorskaflahámark skal ákveðið þannig að það sé, hvort sem hærra reynist, meðalþorsk-aflamark báta í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði með 20% álagi, eða reiknað þorskaflamark viðkomandi skips samkvæmt lið A með 20% álagi.

Við úthlutun botnfiskveiðileyfa fyrir árið 1987 skal endurmeta aflamark og þorskaflahámark þeirra fiskiskipa, sem botnfiskleyfi hafa með sóknarmarki árið 1986, með sama hætti og að ofan greinir, þó þannig að afli árið 1986 vegi helming við ákvörðun aflamarks eða þorskaflahámarks og vægi aflamarks á fyrra ári, sbr. og 5. gr., minnki að sama skapi.

Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli sem fluttur hefur verið milli ára eða skipa, sbr. 8. og 12. gr., né heldur afli umfram leyfileg aflamörk.

#### 8. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 10% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt gildandi fiskverði í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til tilfærslu þorskaflamarks yfir á aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa samkvæmt 12. gr. flyst heimild til breytinga samkvæmt 1. mgr. frá skipi, sem flutt er frá, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og 10% af þorskaflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir, og fellur heimild þessi niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dragist sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild samkvæmt 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir samkvæmt 1. mgr.

Heimild samkvæmt 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda samkvæmt 1. mgr.

#### 9. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:

A. Frá og með 1. janúar til og með 9. febrúar ár hvert.

B. Í tíu daga um páska helgi í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í 10 daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.

Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafli þess mánaðar síðustu þrjú árin, vegna ógæfta, er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflíð.

C. Frá og með 16. nóvember til og með 31. desember ár hvert.

Þrátt fyrir ákvæði A- og C-liðar getur ráðherra heimilað línuveiðar báta undir 10 brl. á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 9. febrúar og 16. nóvember til og með 31. desember ár hvert.

2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki. Ákvæði B- og C-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar samkvæmt B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta, og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta, sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

#### 10. gr.

Pegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark, skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr., og áætlaðan afla báta skv. 9. gr.

#### 11. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 4. gr., sbr. 2. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

#### 12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út innan sömu verstöðvar eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um, enda hafi skipin sams konar veiðileyfi. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki ráðuneytisins, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja þorskaflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda.

13. gr.

Sé rekstri skips hætt eða það selt er heimilt við úthlutun næsta árs á eftir að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða.

Verði eigendaskipti á fiskiskipi skal næsta ár á eftir úthluta því skipi botnfiskleyfi með sóknarmarki og þorskaflahámarki miðað við meðaltal skipa í sama stærðarflokki og svæði.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks.

Ákvæði 1. mgr. taka einnig til skipa sem horfið hafa úr rekstri á árinu 1985.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum fulltrúa tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningasmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðherra um úrlausn einstakra mála.

15. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla einstakra tegunda, úthald og sjósókn, sem ráðherra telur þörf á samkvæmt nánari reglum er hann setur.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, 2 000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 8. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda, sbr. 4., 6. og 9. gr., skal það auk viðurlaga samkvæmt 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settum samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma, og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum samkvæmt 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirdis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

19. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Jafnframt eru felldar úr gildi um sama tíma 10. gr. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarútvegsráðuneytið skal fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að færa undirstöðuatriði og meginreglur um stjórn fiskveiða úr reglugerðum í löggjöf, enda er hér um svo mikilvægar ákvarðanir að ræða, að það er æskilegt að Alþingi taki þær og festi með lögum. Þá er einnig lagt til, að meginreglurnar gildi í tvö ár. Með því móti er dregið úr óvissu um rekstrarskilyrði útvegsins. Auk þess er gildistími til lengri tíma en árs forsenda þess, að unnt sé að láta þá, sem veiðar stunda, njóta eigin aflareynslu á þann hátt að veiðileyfi verði framvegis ekki jafnháð afla á árunum 1981—83 og verið hefur, heldur hafi afli á þessu og næsta ári einnig áhrif á úthlutun. Þrátt fyrir tveggja ára gildistíma meginreglna fiskveiðistefnunnar er æskilegt að reglurnar séu sveigjanlegar og geti tekið breytingum á hverju ári í ljósi fenginnar reynslu. Því gerir frumvarpið ráð fyrir að fjölmörg þeirra atriða sem mestum breytingum geta verið undirorpin séu ákveðin árlega af ráðherra með reglugerð og að sjávarútvegsráðuneytið láti endurskoða löginn fyrir 1. nóvember 1986.

Með frumvarpinu er einmitt lagt til, að settar verði í lög almennar grundvallarreglur um stjórn fiskveiða, sem myndi sveigjanlega umgjörð fyrir afskipti stjórnvalda af fiskveiðum. Í þessari lagasetningu yrði reynt eftir föngum að koma fiskveiðistjórninni í þær skorður, að menn viti að hverju þeir ganga til lengri tíma en árs í senn, en jafnframt verði tryggt, að ekki séu lagðar frekari hömlur á athafnafrelsi manna en almannaheill krefur hverju sinni. Reynslan, sem fengist hefur síðustu tvö árin af kvótakerfinu svonefnda, er undirstaða frumvarpsins. Eitt meginatriði þessara tillagna er að ráðherra ákveði í reglugerð, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, heildaraflamark, sem veiðileyfi miðist við. Annað meginatriði frumvarpsins er, að útvegsmenn velji sjálfir milli aflamarks og sóknarmarks fyrir skip sín, líkt og var á þessu ári, og er raunar gert ráð fyrir því, að réttur þeirra, sem velja sóknarmark, verði rýmkaður. Þannig er reynt að varðveita eftir því sem kostur er sjálfsákvörðunarrétt og athafnafrelsi útvegsmanna, en jafnframt verði heildarafla úr mikilvægustu botnfisktegundum haldið innan hæfilegra marka. Með þessum hætti er tryggt, að ríkisvaldið dæmi ekki fyrir fram um aflahæfi einstakra útgerða og áhafna, því að þeir, sem ekki vilja sæta aflamarkinu, geta valið sóknarmark og látið á það reyna hvers þeir eru megnugir.

Ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu hefur unnið með sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúningi frumvarpsins. Nefndin fjallaði á fundi sínum 25. október s. l. um drög að frumvarpinu og ritaði í framhaldi af því bréf til sjávarútvegsráðherra sem birt er sem fylgiskjal I. Eftirtaldir aðilar störfuðu í ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu við undirbúning frumvarpsins: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem var formaður nefndarinnar,

Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Þorsteinn Gíslason, fiskimálastjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Arthúr Bogason, formaður undirbúningsstjórnar landssambands smábátaeigenda, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Dagbjartur Einarsson framkvæmdastjóri, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Auk þess störfuðu í nefndinni þeir Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands og Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Ritastörf fyrir nefndina önnuðust þeir Sigurður Pétur Sigmundsson deildarstjóri og Gylfi Gautur Pétursson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Frumvarp þetta hefur verið kynnt hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á undirbúningsstigi og samráð verið haft við þá um gerð þess. Fimm atriði frumvarpsins hafa tekið breytingum frá þeirri gerð sem ráðgjafanefnd fjallaði um 25. október s. l. og kynnt var hagsmunaaðilum og þingmönnum: 1. Gildistími er nú tvö ár í stað þriggja. 2. Ráðherra er veitt heimild til að ákveða 10% álag á þann afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað með sama hætti og gilt hefur árið 1985. 3. Opnuð er heimild til að leyfa línuveiðar smábáta yfir háveturinn. 4. Ráðuneytinu er veitt heimild til sviptingar veiðileyfa vegna vanskila á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla. 5. Beinlínis er gert ráð fyrir samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök hagsmunaaðila í sjávarútvegi við endurskoðun laganna. Þessar breytingar eru m. a. til komnar vegna ábendinga frá Fiskipingi og samtökum hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem fjallað hafa um stjórn fiskveiða að undanfögnu.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Lagt er til að ráðherra skuli árlega, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða í reglugerð aflahámark á helstu botnfisktegundum og byggist ákvarðanir hans á mati á ástandi og veiðipoli fisktofnanna.

Með tilliti til gildistíma þessa frumvarps virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því að hinum árlegu tillögum Hafrannsóknastofnunar fylgi álit sem nái nokkur ár fram í tímann, eins og reyndar er um álit hennar fyrir árið 1986.

Þær botnfisktegundir sem í ár eru háðar heildaraflamarki eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða. Í greininni er gert ráð fyrir að ákveðið verði með reglugerð hversu mikið megi veiða, a. m. k. af þessum fimm tegundum, enda er hér um að ræða mikilvægustu botnfisktegundirnar. Vitanlega verður heildaraflinn aldrei bundinn nákvæmlega með reglugerð heldur er í raun um að ræða ákveðna viðmiðun fyrir úthlutun.

Komi til endurskoðunar er nauðsynlegt, að hún fari fram á fyrri hluta árs, þannig að útgerðinni gefist kostur á að skipuleggja veiðar með hliðsjón af breytingum, sem af endurskoðun kynnu að leiða. Má hér sérstaklega nefna, að þorskveiðar báta fara að mestu leyti fram á tímabilinu janúar til maí og því óhjákvæmilegt að endurskoðun sé lokið fyrir þau tímamörk. Því er hér lagt til, að heimild til breytinga sé bundin við 15. apríl, og ekki verði um breytingar á aflamarki að ræða eftir þann tíma.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að Alþingi veiti ráðherra heimild til að ákveða þann afla sem nýta má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra en botnfiski. Samkvæmt þessu ákvæði gæti ráðherra t. d. ákveðið hversu mikið mætti veiða af síld, loðnu eða rækju. Það er m. a. af þrem ástæðum talið nauðsynlegt að ráðherra hafi frjálsari hendur varðandi þessar tegundir:

1. Álitsgerðir Hafrannsóknastofnunarinnar um veiðipól þessara tegunda berast ráðuneytinu á mismundandi tímum árs og geta fremur tekið breytingum innan ársins en botnfisktegundirnar.
2. Ráðuneytið getur brugðist skjótar við breyttum aðstæðum þannig að betur megi skipuleggja veiðar og vinnslu.
3. Loðnuveiðar eru háðar samningum við aðrar þjóðir.

#### Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði það ákvæði reglugerðar nr. 1, 8. janúar 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, að veiðar á botnfiski séu háðar almennu veiðileyfi sem sjávarútvegsráðuneytið veiti. Leyfið yrði fyrst og fremst almennt leyfi þar sem tiltekið yrði aflamark eða sóknarmark skips, en yrði ekki bundið við ákveðin veiðarfæri, og má með þessu móti einfalda leyfakerfið og sleppa úthlutun leyfa t. d. til netaveiða. Auk almenns leyfis til botnfiskveiða yrðu svonefndar sérveiðar, þ. e. rækju-, humar-, skel-, síld- og loðnuveiðar, einnig háðar sérstökum leyfum eins og þær hafa verið í mörg ár. Við veitingu leyfis til botnfiskveiða verði tillit tekið til aflaverðmætis af sérveiðunum eins og gert hefur verið tvö undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra geti einnig með reglugerð leyfisbundið aðrar veiðar, og má hér sem dæmi nefna kolmunna- og spærlingsveiðar. Um dragnótaveiðar gilda sérstök ákvæði og vísast til 19. gr. frv.

#### Um 3. gr.

Í greininni er gengið út frá þeirri meginforsendu að ný skip fái ekki veiðileyfi nema sambærileg skip hverfi endanlega úr rekstri, þannig að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki á næstu tveimur árum. Eins og greinin er sett fram útilokar hún t. d. ekki að í stað eins nýs skips séu tvö tekin úr rekstri og öfugt, enda virðist sú tilhögun eðlileg.

#### Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð var í upphafi þessa árs að útgerðir fiskiskipa með almennt botnfiskveiðileyfi, sbr. 2. gr., geti valið og skuli velja á milli botnfiskleyfis með **aflamarki** (aflakvóta), sem heimilar tilteknu skipi veiðar á ákveðnu magni tiltekinna botnfisktegunda, þ. e. þorsks, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, eða botnfiskleyfis með **sóknarmarki** (sóknarkvóta) sem heimilar útgerð að halda skipi til botnfiskveiða ákveðinn dagafjöldi með þorskaflahámarki.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt verði í sérstökum undantekningartilvikum að breyta sóknarmarki í aflamark þegar skip verða fyrir óhöppum sem valda því að sóknarmarkið nýtist alls ekki. Þykir það eðlilegt þegar óviðráðanleg atvik valda því að skip stöðvast lengur en fjóra mánuði ársins samfelt. Að sjálfsögðu myndi sá afli, sem skipið hefði fengið áður en til stöðvunar kom reiknast í aflamarki þess á árinu.

Í 4. mgr. felast tvær mikilvægar heimildir fyrir ráðherra til að ákveða að tiltekinn afli teljist ekki með í afla- eða sóknarmarki. Annars vegar er hér um að ræða undirmálsfisk, þ. e. fisk undir ákveðinni stærð. Gripið var til þessa ráðs þegar í ársbyrjun 1984 í því skyni að stuðla að því að allur veiddur fiskur bæriskt á landi og er talið að það hafi gefist allvel. Hins vegar er um að ræða fisk sem veiðist í tiltekin veiðarfæri, sé talin ástæða til þess að örva slíkar veiðar. Línuveiðar hafa þannig s. l. tvö ár verið að hluta til utan afla- og sóknarmarks í upphafi árs, og var það m. a. ákveðið að tillögu sjávarútvegsnefnda Alþingis. Var sú ákvörðun m. a. tekin í því skyni að draga úr netaveiðum þá mánuði sem sjósókn er hvað erfiðust. Þá er ráðherra heimilað að ákveða að lagt skuli 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað, hliðstætt því sem er í núgildandi reglugerðarákvæði.

Ákvæði 5. mgr. er hliðstætt ákvæðum í 21. gr. rg. 1/1985. Þar sem botnfiskleyfi skerðast með hliðsjón af leyfum til sérveiða er nauðsynlegt að ráðherra geti endurskoðað aflamark

eða sóknarmark miðað við breytt aflaverðmæti skipa af sérveidum. Sama gildir ef skip hættir sérveidum eða skip sem ekki hefur stundað sérveidar fær leyfi til þeirra.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að úthlutun aflamarks og þorskaflahámars sóknarmarksskipa, sbr. 4. gr., verði ákveðin með sama hætti fyrir árin 1986 og 1987 og gert var fyrir árið 1985 með þeim breytingum sem leiða af breytingum á heildaraflamagni milli ára og af flutningi skipa milli afla- og sóknarmarks, sbr. 7. og 8. gr. Þessi regla getur með tímanum haft í för með sér að hlutfall aflamarksskipa af heildaraflamagninu minnki vegna aukins þorskafla sóknarmarksskipa.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að sóknarmark verði ákveðið með sama hætti og fyrir árið 1985 en sóknardagafjöldi verði endurskoðaður með hliðsjón af heildarafla sóknarmarksskipa á því ári. Reglugerð verði síðan árlega gefin út varðandi sóknardagafjölda með hliðsjón af breytingum milli ára á fjölda sóknarmarksskipa og afla þeirra. Flokkun skipa m. a. með hliðsjón af sérveidum yrði einnig ákveðin í reglugerð, og yrði það með svipuðum hætti og á þessu ári.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er mörkuð ný meginregla um áhrif sóknarmarkssvals milli ára. Hér er um ákaflega mikilvæga reglu að ræða því hún felur í sér leið til þess að sjómenn og útvegsmenn séu ekki rígbundnir af upphaflegri úthlutun aflakvóta heldur geti myndað veiðirétt með eigin aflareynslu.

Lagt er til að afli sóknarmarksskipa 1985 hafi þau áhrif að fyrir árið 1986 megi útgerðin velja um tvo kosti:

1. **Aflamark** sem er þannig reiknað að raunverulegur afli skipsins 1985 vegur einn þriðja á móti tveimur þriðju fyrir aflamark skv. úthlutun byggðri á afla árána 1981—1983.
2. **Sóknarmark**, með þorskaflahámarki sem er, hvort sem hærra reynist, byggt á meðalþorskaflamarki í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði með 20% álagi eða þorskaflamarki skipsins sjálfs reiknað eins og greinir í lið 1. hér að framan með 20% álagi.

Við úthlutun árið 1987 yrði fyrri úthlutun ýtt enn frekar til hliðar fyrir sóknarmarksskipin, þannig að aflareynsla næstliðins árs væri látin hafa helmings vægi á móti fyrri úthlutun.

Með þessu móti er útgerðum skipa sem velja sóknarmark gefið færi á að vinna sig upp í aflamarki og/eða þorskaflahámarki og losna þannig smám saman frá viðmiðun við afla árána 1981—1983 sem var hinn upphaflegi grundvöllur kvótakerfisins. Á hinn bóginn gæti regla þessi einnig haft áhrif til lækkunar.

Í síðustu málsgrein er kveðið á um að afli fluttur milli skipa eða milli ára eða ólöglegur afli hafi ekki áhrif á endurskoðun aflamarks.

Um 8. gr.

Efnislega er 1. mgr. samhljóða þeim reglum sem gilt hafa fyrir árin 1984 og 1985. Með þessari reglu er reynt að skapa vissan sveigjanleika, því samkvæmt eðli málsins hlýtur ávallt að vera nokkur breyting í aflasamsetningu skipa milli ára.

Reynslan hefur sýnt að reglan hefur leitt til nokkurrar aukningar í þorskveiði og þykir því eðlilegt að ekki séu takmarkanir á heimild til þess að breyta frá þorskveiðum til annarra veiða.

Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um það hvaða áhrif aflatilfærslur milli skipa hafi.

Í 3. mgr. er um nýmæli að ræða. Á s. 1. tveimur árum hafa margar óskir borist um slíkar yfurfærslur milli ára, sem synjað hefur verið vegna skorts á lagaheimild. Möguleiki fyrir þessum yfurfærslum opnast nú fyrst vegna lengri gildistíma laganna, og er gert ráð fyrir að



heimilt sé að flytja eftirstöðvar af úthlutuðu afla- eða sóknarmarki til næsta árs á eftir. Heimild þessi takmarkast þó við 10% af úthlutun og gildir einungis innan hvernar einstakrar botnfisktegundar.

Með sama hætti má veiða 5% meiri afla en úthlutað var, þó þannig að sá afli dregst frá aflamarki aflamarksskipa eða þorskaflahámarki sóknarmarksskipa næsta ár á eftir. Vegna gildistíma laganna taka heimildir 3. og 4. mgr. aðeins til árunna 1986 og 1987, og er því augljóslega ekki mögulegt að flytja afla frá 1985 til ársins 1986 eða hefja veiðar á aflamarki eða þorskaflahámarki ársins 1986 á árinu 1985. Enn fremur geta heimildir þessara laga ekki snert veiðar á árinu 1988.

Ákvæði 5. mgr. leiðir af sér að óheimilt er að flytja á milli ára leyfi til þess að veiða einstakar fisktegundir fyrr en nýttar hafa verið þær heimildir sem felast í 1. mgr. til breytinga milli einstakra fisktegunda innan ársins.

Síðasta málsgreinin er áréttung á því að heimild til 5% tilfærslu milli ára, sbr. 4. mgr., auki ekki þá heimild til breytinga milli fisktegunda sem veitt er samkvæmt 1. mgr.

#### Um 9. gr.

Á árinu 1985 urðu miklar umræður um veiðar báta undir 10 brl. Á árunum 1984—1985 voru þær reglur settar að þessir bátar fengu sameiginlegt aflamark er skipt var niður á fjögur tímabil, og skyldu veiðar bátanna stöðvaðar næði afli, einkum þorskafli, ákveðnum viðmiðunarmörkum á hverju tímabili. Til grundvallar þessarar viðmiðunar voru lagðar veiðar þessara báta árin 1981—1983. Af ýmsum ástæðum (fjölgun báta, aukin fiskgengd og góðar gættir) hefur afli þessara báta farið verulega yfir viðmiðunarmörkin einkum á þessu ári. Reyndar bendir margt til þess að þau hafi í upphafi verið ákveðin of lág, líklega vegna ófullkominna skýrslna frá fyrri árum.

Á árinu 1984 voru veiðar smábáta takmarkaðar í 53 daga auk þess sem netaveiðar voru takmarkaðar í átta daga um páska. Takmarkanir á þessum veiðum á árinu 1985 nema alls 114 dögum.

Enda þótt mikillar óánægju hafi gætt meðal eigenda báta undir 10 brl. er óhjákvæmilegt, samræmis og sanngirni vegna, að veiðar þeirra séu takmarkaðar að einhverju leyti eins og allar aðrar botnfiskveiðar. Hér er því lagt til í 1. mgr. að veiðar smábáta séu óheimilar í 120 daga á ári. Veiðar sóknarmarksbáta í næsta stærðarflokki fyrir ofan, þ. e. 10—20 brl., voru heimilar í 215 daga á árinu 1985. Meginröksemdir þess að veiðar smábáta verði heimilar fleiri daga en veiðar stærri báta eru í fyrsta lagi að bátar undir 10 brl. hafa fyrir fram fastákveðið dagatal um það hvenær þeim er heimilt að stunda veiðar, en sóknarmarksbátar, 10—20 brl. að stærð, geta valið um hvenær þeir láta af veiðum innan einstakra tímabila. Í öðru lagi hamla veður veiðum báta undir 10 brl. tíðar en þeirra sem stærri eru. Gert er ráð fyrir að dragi verulega úr veiðum á ákveðnu veiðisvæði sé ráðherra heimilt að aflétta veiðibanni. Í 4. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að ákveða að fiskur veiddur á línu sé að hluta eða öllu leyti utan aflamarks eða þorskaflahámarks. Eðlilegt verður að telja að hliðstæð heimild taki til línuveiða smábáta þannig að samræmis sé gætt.

Það var sameiginlegur þáttur í tillögum undirbúningsstjórnar að stofnun Landssambands smábátaeigenda og fjórðungspings fiskifélagsdeilda á Austfjörðum, og reyndar fleiri, að sérstakar takmarkanir skyldu gilda um netaveiðar smábáta. Hér er því lagt til að á tímabilinu 10. febrúar til 15. maí ár hvert séu veiðar þessara báta háðar sérstökum botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki og auglýsi ráðuneytið sóknardagafjölda og þorskaflahámark þessara báta.

Í 3. mgr. er ákvæði þess efnis að við ákvörðun þessara atriða skuli hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta. Með þessu er lögbundið samræmi milli þessara tveggja stærðarflokka, þannig að verði á næstu árum fjölgað sóknardögum eða aukið þorskaflahámark 10—20 brl. báta, þá aukist sjálfkrafa veiðiheimildir báta undir 10 brl. Þessar sérstöku

takmarkanir á netaveiðum gilda aðeins á tímabilinu 10. febr. til 15. maí og eru eftir þann tíma heimilar með þeim einu takmörkunum sem B- og C-liðir setja auk almennra takmarkana á netaveiðum.

#### Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sambærilegt við 17. gr. rg. 1/1985 og er nauðsynlegt vegna útreikninga á aflamarki fyrir hvert ár, í því skyni að áætla skiptingu heildaraflamarks ársins milli sóknarmarksskipa og aflamarksskipa. Það liggur í augum uppi að í þessari reglu felst nokkur óvissa um það hver verða muni endanlegur aflí á árinu, þar sem fiskgengd ræður meiru um afla sóknarmarksskipa en aflamarksskipa.

#### Um 11. gr.

Hér er fjallað um önnur leyfi en almennt leyfi til botnfiskveiða, sbr. 2. gr. Annars vegar er átt við leyfi til sérveiða sem skerða botnfiskleyfi skips, sbr. 4. mgr. 4. gr., þ. e. rækju-, loðnu-, skelfisk- og humarveiðar. Hins vegar er átt við aðrar veiðar sem ráðherra ákveður með reglugerð að leyfisbinda, sbr. 2. málslíð 2. gr., t.d. veiðar á kolmunna og spærlingi.

#### Um 12. gr.

Grein þessi varðar framsal aflamarks og er lögfesting á gildandi ákvæðum 1.—4. mgr. 20. gr. rg. 1/1985 og er lagt til að þær verði óbreyttar.

Þessar reglur heimila framsal aflamarks:

- a) Innan sömu útgerðar.
- b) Milli skipa innan sömu verstöðva.
- c) Milli skipa sem ekki eru innan sömu verstöðvar, enda sé um að ræða skipti á mismunandi fisktegundum á jöfnu verðmæti reiknað á gildandi fiskverði.
- d) Milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð enda komi til sérstakt samþykki sjávarútvegsráðuneytisins, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð, sem flytja á afla frá.

Þær breytingar, sem felast í frumvarpi þessu frá gildandi reglum um framsal, eru:

1. Framsalsheimild sé ekki bundin við botnfisktegundir, heldur taki til allra veiða sem háðar eru aflamarki, þ. e. taki einnig til sérveiða. Framsalsheimildin er þó bundin þeirri takmörkun að skip hafi eins veiðileyfi, þ.e. loðnuskip geti aðeins framselt til annars loðnuskipis o.s.frv.
2. Heimilt sé að takmarka framsalsrétt skipa er sérveiðileyfi hafa, og eru hér m. a. hafðir í huga þeir bátar er stunda úthafs-rækjuveiðar allt árið eða mestan hluta þess og framselja botnfiskkvóta til annarra skipa, jafnvel ár eftir ár.

#### Um 13. gr.

Samkvæmt þeim reglum sem gilt hafa s. l. tvö ár hefur það nokkuð almennt tíðkast, að aflamark skips fylgi því við sölu, og má því segja að aflamarkið sé orðið hluti af verðmæti skipsins. Þessi flutningur hefur að vísu ekki gerst sjálfkrafa, heldur hefur þurft til sérstaka samninga og samþykki ráðuneytisins. En algengast hefur verið að aflamarkið fylgi skipi. Þessi regla hefur af mörgum verið gagnrýnd og er að mörgu leyti óeðlileg, þar sem t. d. sala á skipi milli landshluta hefur oftast í för með sér breytingar á aflasamsetningu.

Því er í þessari grein sett fram ný regla sem felur í sér mikilvæga breytingu. Reglan hefur í för með sér að botnfiskleyfi skips helst óbreytt út árið sem eigendaskiptin verða. Við úthlutun næsta árs skal úthluta skipinu botnfiskleyfi með sóknarmarki með þorskaflahámarki skipa í sama stærðarflokki og á sama veiðisvæði, sbr. 4. gr. Með þessu móti gefst nýjum eigendum skipa tækifæri til þess að skapa sér eigin aflareynslu sem yrði síðan grundvöllur aflamarks.

Jafnframt segir í greininni að heimilt sé, í því tilviki að maður selur skip eða tekur varanlega úr rekstri, að úthluta hinu nýja skipi í eign sama aðila því aflamarki sem eldra skipið hafði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Reglu þessa verður að telja mjög eðlilega og skýra með hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins.

Heimild sú er um getur í 3. mgr. er nauðsynleg, m. a. vegna sölu skipa á milli landshluta sem óhjákvæmlega leiða af sér breytingar á aflasamsetningu eða breytingar á sérveidileyfum.

Í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að ákvæði 1. mgr. taki einnig til skipa sem horfið hafa úr rekstri á árinu 1985.

#### Um 14. gr.

Í 14. gr. er ákvæði um samráðsnefnd. Við setningu rg. 44/1984 um stjórn botnfiskveiða 1984 þótti ljóst að upp gætu komið atvik sem ómögulegt væri að sjá fyrir. Því var sérstakri samráðsnefnd þriggja manna, skipaðri einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður var af ráðherra, falið að fjalla um álit- og ágreiningsmál varðandi reglugerðina og skila skriflegum tillögum til ráðherra um úrlausn einstakra mála.

Nefndin hefur leyst þetta vandasama starf vel og er hér lagt til að hún verði fest í sessi með lögum.

#### Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### Um 16. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um refsiviðurlög vegna brota á lögum þessum. Það skal tekið fram varðandi þessa grein að fyrirhuguð er endurskoðun á refsíákvæðum allra laga er að fiskveiðum snúa. Meðan þeirri endurskoðun er ekki lokið verða viðurlög þessa frumvarps að vera í samræmi við eldri ákvæði.

Í 2. mgr. er ákvæði um upptöku ólöglegs sjávarafla varðandi veiðar skipa umfram leyfilegt aflamark eða þorskaflahámark og enn fremur að ráðuneytið meti hvernig upptöku skuli háttáð þegar skip stunda veiðar umfram leyfilegan dagafjölda í sóknarmarki.

Í 3. mgr. er heimildarákvæði til sviptingar á veiðileyfum vegna brota á ákvæðum laganna, reglum eða leyfisbréfum settum samkvæmt þeim. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt sé að svipta skip heimild til veiða vegna vanskila útgerðaraðila á greiðslum vegna upptöku ólöglegs sjávarafla.

#### Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði l. 82/1983 og l. 118/1984 um breytingu á l. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Heimild þessi hefur verið nýtt varðandi veiðar vannýtttra fisktegunda, t. d. skarkola og steinbits úti fyrir Vestfjörðum og Austurlandi.

#### Um 19. gr.

Vegna sérstöðu dragnótaveiða og sökum þess að skipulag þeirra er nú í sérstakri endurskoðun þykir ástæða til að binda þær veiðar sérstökum leyfum.

Um 20. gr.

Hér vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Með lögum þessum eru mótaðar meginreglur um stjórn fiskveiða til tveggja ára. Eigi að síður verður að telja eðlilegt að lögín sæti á þeim tíma endurskoðun í ljósi fenginnar reynslu og breytinga sem kunna að verða á forsendum þeirra vegna breytinga á ástandi fiskstofna. Því er lagt til að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi, og þykir eðlilegt að hann hafi um það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, eins og gert hefur verið til þessa.

**Fylgiskjal I.**

Sjávarútvegsráðherra  
Halldór Ásgrímsson,  
sjávarútvegsráðuneytinu,  
Lindargötu 9,  
Reykjavík.

Ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu.  
Reykjavík, 25. október 1985.

**Efni: Drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 1986—1988, dags.  
25. október 1985.**

Ráðgjafanefndin hefur fjallað um ofangreind frumvarpsdrög (Fylgiskjal) og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Nefndarmenn benda á, að enn eru í frumvarpinu nokkur álitamál og ágreiningsefni, sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa ekki tekið endanlega afstöðu til. Má þar til dæmis nefna gildistíma laganna, reglur um veiðar og veiðar smábáta, um framsal veiðiheimilda o. fl. Um heildaraflamark fyrir helstu botnfisktegundir, sem ekki hefur verið ákveðið en tengist frumvarpinu, eru einnig skiptar skoðanir.

Nefndin telur nauðsynlegt, að frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þar sem kveðið verði á um undirstöðuatriði og meginreglur, verði lagt fram á Alþingi hið fyrsta. Þannig verði lagður ákveðinn grundvöllur fyrir umræður um mótun fiskveiðistefnunnar og að því stefnt, að ákvörðun Alþingis um þau skilyrði, sem þeir, er útveginn stunda, megi vænta á næsta ári að þessu leyti, liggi fyrir með svo góðum fyrirvara sem kostur er.

F. h. nefndarinnar.  
Jón Sigurðsson.

## Fylgiskjal II.

### HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

#### **Ástand nytjastofna 1985 og aflahorfur næstu ár.**

##### **1.2. Þorskur.**

Í aprílmánuði síðastliðnum fór fram bráðabirgðamat á ástandi þorskstofnsins. Þetta mat byggðist á endanlegum aflatölum fyrir árið 1984, veiðunum fyrstu þrjá mánuði ársins í ár ásamt fyrstu niðurstöðum úr stofnmælingaleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu ári. Hafrannsóknastofnunin hefur nú endurskoðað þetta stofnmat með tilliti til gangsvæðis vertíðarinnar allrar (tímabilið jan.—maí), sóknar flotans á þessum tíma, svo og aflahrotunnar í sumar.

##### **2.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1985.**

Það sem af er þessu ári hafa gæftir yfirleitt verið góðar og mun betri en á sama tímabili í fyrra. Síðari hluta febrúar og fyrstu dagana í mars var það verkfall sjómanna frá flestum verstöðvum landsins, sem átti drýgstan þátt í minni afla í febrúarmánuði í ár samanborið við febrúar 1984. Þrátt fyrir verkfallið hefur sókn togara í þorsk fyrstu 5 mánuði ársins 1985 verið áþekkt sókninni á sama tíma 1984. Í ár er þorskafli á sóknareiningu hins vegar 10% meiri. Þorskafli togara fyrstu 8 mánuði ársins var skv. bráðabirgðatölum 120 þús. tonn en 106 þús. tonn á sama tíma í fyrra. Tölur um úthald báta flotans á þessu ári liggja ekki fyrir, en þorskafli báta hefur aukist fyrstu 8 mánuði ársins úr 104 þús. tonnum árið 1984 í 131 þús. tonn 1985. Mest hefur aukningin verið hjá vertíðarbátum SV-lands.

Aflinn á vetrarvertíð SV-lands á þessu ári dreifðist á 5—8 ára þorsk. Hlutdeild 1978 og 1979 árganganna í fjölda var 20 og 22%. Hlutdeild árgangsins frá 1980 var 18%. Hlutdeild árgangsins frá 1977 var aðeins 13%, en árgangur þessi þótti nokkuð efnilegur við V-Grænland á árunum 1981—1983.

Tímabilið janúar—maí byggðist veiðin við NV-, N- og A-land í öll veiðarfæri, að netum einum undanskildum, á 5 ára þorski (41%). Næstur að styrkleika var 1979 árgangurinn, 6 ára (25%), en þessi árgangur var mest áberandi í netaveiðinni fyrir norðan.

Aflahrotan á NV-miðum mánuðina júní—ágúst byggðist að langmestu leyti á 4 til 6 ára þorski. Í flotvörpu reyndist 20% fiska í afla vera 4 ára þorskur, 45% 5 ára þorskur og 24% 6 ára þorskur. Í botnvörpu var aflasamsetningin þannig að hlutdeild 4 ára þorsks var 27% miðað við fjölda, 5 ára þorsks 44% og 6 ára þorsks 10%.

##### **1.2. Vöxtur og kynþroski.**

Á árunum 1981—1983 dró úr vaxtarhraða þorsks, en 1984 hækkaði meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri verulega.

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til að meðalþyngd og kynþroskahlutfall þorsks eftir aldri árið 1985 verði mjög svipað og 1984, fyrir 4—6 ára fisk, en nokkru herra fyrir 7 ára þorsk og eldri.

### 1.3 Nýliðun.

Nýliðun uppvaðandi þorskárganga er metin með þremur mismunandi aðferðum: Svonefnd aldursafla-aðferð (VP-greining) gefur nokkrar upplýsingar um árgangastyrk fjögurra ára fískis, en litlar sem engar um yngri físk. Árlegar seiðarannsóknir í ágúst beinast eingöngu að styrk og útbreiðslu fískis á fyrsta ári. Árlegar rannsóknir á þorskungviði í mars gefa einkum upplýsingar um stærð árganga tveggja til fjögurra ára fískis. Árið 1985 voru rannsóknir á þorskungviði sameinaðar verkefninu „Stofnmæling botnfískis á Íslandsmiðum“ sem fram fór á fimm togurum allt umhverfis landið. Þetta hefur í för með sér viss vandkvæði á að bera fyrri niðurstöður saman við niðurstöður úr þessu nýja verkefni.

Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1981 til 1984 eru þessar:

- Árgangur 1981 er talinn vera fremur slakur eða um 160 milljónir þriggja ára nýliða og er það sama mat og áður.
- Árgangur 1982 er, sem fyrr, talinn vera með afbrigðum slakur eða um 120 milljónir nýliða. Þetta er þó heldur hærra mat en í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna. Engu að síður er þessi þorskárgangur enn sá lélegasti, sem fram hefur komið síðastliðna þrjá áratugi.
- Árgangur 1983 er nú talinn vera í meðallagi, eða um 220 milljónir nýliða. Þetta er heldur hærra mat en fram kom í síðustu skýrslu.
- Þorskseiði af árgangi 1984 fundust í miklu magni fyrir norðan land og austan í ágúst 1984. Bráðabirgðamat á styrk þessa árgangs sem eins árs ungvíði í mars 1985 bendir til þess að hér sé ekki um mjög stóran árgang að ræða. Í framreikningum á stærð þorskstofnsins er gert ráð fyrir að árgangur 1984 sé 300 milljónir nýliða.

Ljóst er að áætluð stærð veiðanlegs hluta þorskstofnsins á árunum 1987 og 1988 er mjög háð stærð árganganna frá 1983 og 1984. Á þessu stigi er matið á þessum árgöngum þó verulegri óvissu háð.

### 1.4. Ástand stofnsins.

Nýtt stofnmat sem nú liggur fyrir bendir til þess að veiðistofninn (4 ára og eldri) hafi í upphafi ársins 1985 verið 940 þús. tonn.

Þetta er um 10% meira en fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá október 1984 (Hafrannsóknir 31. hefti). Þennan mismun má fyrst og fremst rekja til þess að miklu meira hefur veiðst af 6 ára físki á þessu ári en búist var við.

Þessi árgangur (1979) virðist hafa verið verulega vanmetinn við fyrri úttekt á þorskstofninum. Einnig er hugsanlegt að þorskur af þessum árgangi hafi gengið á miðin annars staðar að og þá líklega frá Grænlandi. Á hinn bóginn hefur ekkert merki frá V-Grænlandi endurheimst úr þessum árgangi hér við land. Þess vegna verður ekkert fullyrt um göngur þessa árgangs frá Grænlandi.

Nú er gert ráð fyrir að hrygningarstofn í ársbyrjun 1985 hafi verið 320 þús. tonn miðað við 260 þús. tonn í síðustu skýrslu.

Þessi mismunur stafar aðallega af því að nú er gert ráð fyrir að verulega meira sé af 6 ára þorski í stofninum eins og að ofan greinir. Þá er meðalþyngd meiri og kynþroskahlutfall hærra hjá 7 ára þorski og eldri en gert er ráð fyrir í fyrrnefndri skýrslu.

Við núverandi stofnmat var stuðst meira við aflaskýrslur togara en áður. Fundinn var meðalafli á togtíma fyrir Norðurlandi í marsmánuði og sá afli greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum úr afla. Gögn frá tímabilinu 1975—1982 voru notuð til að kanna samband stofnstærðar og afla á togtíma. Var notað líkan, þar sem stofnstærð er lýst út frá afla á togtíma. Kom þá í ljós mjög gott samband milli afla á togtíma og stofnstærðar skv. aldursafla aðferð og virtist spáhæfni líkansins góð. Niðurstöður þessara reikninga, ásamt tölfræðilegu stofnmati (sjávarútvegslíkan) og stofnmælingu botnfískis, voru notaðar til að meta stærð stofnsins 1985.

### 1.5. Horfur og tillögur um hámarksafla 1986.

Í framreikningum á stofnstærð er gert ráð fyrir að afli ársins 1985 verði 310 þús. tonn. Veiðistofn (4 ára fiskur og eldri) í ársbyrjun 1986 verður þá 850 þús. tonn og hrygningarstofn 330 þús. tonn. Þá er gert ráð fyrir að meðalþyngd og kynþroski eftir aldri, sem verið hefur síðustu tvö ár, haldist á næstu árum. Enn fremur er gert ráð fyrir að árgangur 1983 sé meðalárgangur (220 milljónir) og árgangurinn frá 1984 sé yfir meðallagi (300 milljónir), en um styrk hans ríkir þó mikil óvissa. Þessara árganga mun ekki gæta verulega í afla fyrr en 1987 og einkum 1988.

Miðað við ofangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorskstofnsins eins og fram kemur í töflu 1.5.1.

Í töflunni eru sýnd dæmi um tvær meginleiðir í fiskveiðiráðgjöf. Annars vegar er tiltekinn hámarksafli og hins vegar kjörsókn, þ. e. sókn mæld í fiskveiðidánarstuðlum.

Ef skoðaðar eru hámarksaflaleiðir, þá mun 350 þús. tonna afli árin 1986 og 1987 hafa í för með sér hækkun á veiðidánarstuðli úr 0.77 1985 í 0.91 1986 og enn frekari hækkun 1987 (1.03). Veiðistofn mun haldast nánast óbreyttur 1987 en stækka árið 1988 í 960 þús. tonn. Hrygningarstofn mun hins vegar fara minnkandi á árunum 1987 og 1988 frá því sem hann er áætlaður 1986.

Önnur hámarksaflaleið, sem hér er sýnd, er takmörkun heildarafla þorsks á næstu árum við 300 þús. tonn á ári. Við þetta aflamark mun veiðistofn vaxa á næstu árum úr 850 þús. tonnum 1986 í 900 þús. tonn 1987 og 1080 þús. tonn 1988. Hrygningarstofn mun því sem næst standa í stað.

Þriðja hámarksaflaleiðin 250 þús. tonna afli á ári mun leiða til þess að veiðistofninn mun stækka úr 850 þús. tonnum 1986 í 960 þús. tonn 1987 og í rúm 1200 þús. tonn 1988. Hrygningarstofn mun vaxa úr 330 þús. tonnum 1986 í 360 þús. tonn 1987 og í 400 þús. tonn 1988. Fiskveiðidánarstuðlar munu lækka úr 0.77 á þessu ári í 0.54 árið 1987.

Þá er loks dæmi sem sýnir æskilegustu sókn, þ. e. kjörsókn í stofninn (veiðidánarstuðull 0.29). Ljóst er að til þess að fylgja þessari fiskveiðistefnu strax þarf að draga svo úr sókninni, að árið 1986 yrði afli aðeins 148 þús. tonn og 1987 aðeins 184 þús. tonn. Stofninn stækkaði hins vegar hratt úr 850 þús. tonnum 1986 í rúm 1400 þús. tonn 1988 og hrygningarstofn úr 330 þús. tonnum í 540 þús. tonn 1988.

Fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar mótast af því langtímamarkmiði að draga úr sókn (fiskveiðidauda) í stofninn og stefna að nýtingu hans í námunda við kjörsókn. Í þessu sambandi þarf þó að taka tillit til ýmissa atriða m. a. gagnvirkra áhrifa fiskstofna.

Með því að takmarka aflann á næstu árum við 300 þús. tonn mun veiðistofninn vaxa nokkuð á árunum 1986—1988. Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að afli verði ekki aukinn þótt góðir árgangar séu væntanlegir í veiðistofninn heldur verði þeir nýttir til frekar endurreisnar hans. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að þorskveiðar á árunum 1986 og 1987 verði takmarkaðar við 300 þús. tonn.

Rétt er að leggja á það áherslu að forsendur um vöxt, nýliðun, kynþroska og göngur geta tekið verulegum breytingum frá ári til árs og er því sem fyrr árleg endurskoðun á stofnmati nauðsynleg.



**Tafla 1.5.1. Þorskur.** Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð þorsk-  
stofnsins (þús. tonn) árin 1986—1989.

1985				1986				1987				1988				1989			
Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Veidiráðgjöf 1986 og 1987	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	
940	320	0.77	310	Aflamark	850	330													
				350			0.91	350	840	280	1.03	350	960	240	0.99	350	980	260	
				300			0.74	300	900	320	0.75	300	1080	320	0.65	300	1180	370	
				250			0.59	250	960	360	0.54	250	1210	400	0.44	250	1380	490	
				Kjörsókn F <sub>k</sub>			0.29	148	1090	430	0.29	184	1420	540	0.29	235	1730	670	

F = veiðidánartala 7—11 ára þorsks.

## 2. Ýsa.

### 2.1. Afli og sókn 1985.

Fyrstu sex mánuði ársins 1985 var ýsuafli um 13% minni en á sama tímabili árið 1984. Eftir lélega byrjun hafa aflabrogð þó heldur glæðst.

Afli á sóknareiningu janúar—maí 1985 virðist ekki hafa minnkað í sama mæli og aflamagn. Nákvæmar skýrslur um sókn eru aðeins fyrir hendi frá togurum. Hjá þeim er afli á sóknareiningu mjög svipaður það sem af er árinu og í fyrra. Samdráttur í afla fyrri hluta árs 1985 er því fremur afleiðing af minni sókn en minni stofni.

Stóri árgangurinn frá 1976 (9 ára) reyndist enn skila mestum afla að þunga til (25%) fyrstu fimm mánuði þessa árs. Að fjölda til veiddist hins vegar mest af 4 og 5 ára ýsu (18% og 26%). Hlutdeild 6 ára ýsu í heildarveiðinni var ákaflega lítil eða aðeins 5% hvað fjölda snertir.

### 2.2. Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur.

Stofnmat sem gert er með aldursafli-aðferð (VP-greiningu) gerir ráð fyrir að veiðistofn 4 ára og eldri ýsu sé 160 þús. tonn í byrjun árs 1985 eða 10% minni en gert var ráð fyrir í síðasta stofnmati. Hér veldur mestu árgangurinn frá 1979, en hann hefur reynst óvenju lélegur. Þá virðist árgangurinn frá 1980 sem miklar vonir voru bundnar við vera lakari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tölur um stærð hrygningarstofnsins eru ekki sambærilegar við fyrri skýrslur. Áður var öll ýsa 4 ára og eldri talin kynþroska. Nú er hrygningarstofn aftur á móti metinn út frá hlutfalli kynþroska ýsu eftir aldri eins og gert hefur verið hjá þorski og ufsa undanfarin ár. Hrygningarstofn er metinn 95 þús. tonn árið 1985.

Árgangur 1981 er talinn meðalárgangur og stofnmæling botnfiska í mars 1985 bendir til að 1982 árgangur sé fremur lélegur. Lítið er vitað um raunverulega stærð 1983 og 1984 árganganna og er gert ráð fyrir því í framreikningi stofnstærðar að þessir árgangar séu af meðalstærð.

Eins og hjá þorski fór meðalþyngd ýsu nokkuð minnkandi eftir 1979. Síðan 1982 hefur vöxtur ýsu aftur aukist nokkuð árlega allt fram á árið 1985.

### 2.3. Tillögur um hámarksafli 1986.

Framreikningar á stærð ýsustofnsins fyrir næsta ár miðað við mismunandi ársafla eru byggðir á áður nefndum forsendum um árgangastærðir, nýliðun og að aflinn 1985 verði 45 þús. tonn (tafla 2.3.1.). Núverandi sókn í ýsu samsvarar veiðidánartölu 0.44 og er nokkru meiri en kjörsókn (0.35).

Við áframhald núverandi sóknar, þ. e. 45 þús. tonna afla á ári, mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn vaxa á næstu árum. Verði aflinn 55 þús. tonn fer veiðistofn lítið eitt vaxandi en hrygningarstofn mun minnka enn frekar. Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli af ýsu árið 1986 verði 50 þús. tonn.

**Tafla 2.3.1. Ýsa. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð ýsustofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.**

1985				1986				1987				1988		
Veiði- stofn 4 <sup>+</sup>	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986	Veiði- stofn 4 <sup>+</sup>	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði- stofn 4 <sup>+</sup>	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði- stofn 4 <sup>+</sup>	Hrygn.st.
160	95	0.44	45	Aflam. 55	150	90	0.58	55	150	85	0.63	55	160	85
				Aflam. 50			0.51	50	160	90	0.53	50	170	95
				Aflam. 45			0.45	45	165	95	0.44	45	180	100
				Kjörsókn F <sub>k</sub>			0.35	37	170	100	0.35	40	195	110

F = Veiðidánartala 4—8 ára fisks.

### 3. Ufsi.

#### 3.1. Afli, sókn og árgangskipan 1985.

Ufsaafliinn á Íslandsmiðum árið 1984 varð tæp 63 000 tonn. Fyrstu sex mánuði ársins 1985 var ufsaafliinn aðeins orðinn 27 500 tonn miðað við 36 400 tonn á sama tímabili 1984. Minni afla á árinu 1985 má bæði rekja til minni sóknar og um 10% minni afla á sóknareiningu, en 1984. Aldursdreifing aflans tímabilið janúar—ágúst 1985 sýnir að ufsaafli í net byggðist mest á 7—10 ára ufsa og var hlutdeild 8 og 9 ára ufsa þyngst á metunum (43%). Ufsaafli togara byggðist að mestu á yngri fiski, 4—6 ára ufsa. Hlutdeild 5 ára ufsa (1980 árgangsins) var stærst og reyndist þriðji hver fiskur í afla togara vera af þeim árgangi. Árgangsins frá 1976, sem bar uppi veiðarnar í fyrri, gætir nú mun minna (12%) og fer hann senn að hverfa úr aflanum. Þess er getið við síðasta stofnmat á ufsa að óvenju litlu var landað af 1979 árganginum árið 1974. Á þessu ári hefur umræddur árgangur veiðst eins og búist var við.

#### 3.2 Ástand stofnsins og nýliðun.

Stofnmat gert með hefðbundinni aldursafli-aðferð (VP-greiningu) gerir ráð fyrir svipaðri stofnstærð í ársbyrjun 1985 og síðasta stofnmat. Stærð veiðistofns, 4 ára og eldri ufsa, er áætluð 300 þús. tonn og hrygningarstofns 200 þús. tonn. Árgangar í ufsastofninum, að undanskildum 1975, 1976 og 1980 árgöngunum, virðast allir vera undir langtímameðaltali. Seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu ná ekki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsans og eru því ekki til neinar tölur um nýliðun í stofninum. Í framreikningum á þróun ufsastofnsins er því miðað við meðaltal fyrri ára.

#### 3.3. Tillögur um hámarksafli 1985.

Framreikningar á stærð ufsastofnsins næstu árin eru byggðir á áður nefndu stofnmati og að ufsaafli á árinu 1985 verði 55 þús. tonn. Þá er gert ráð fyrir að nýliðun árin 1981 og 1982 hafi verið svipuð og meðalnýliðun 1970—1979 (32 milljónir þriggja ára fiska), en það er um 25% minna en meðalnýliðun síðastliðinna tveggja áratuga. Árgangar 1983 og 1984 eru áætlaðar af meðalstærð.

Við 60 þús. tonna afla mun bæði veiði- og hrygningarstofn fara vaxandi á næstu árum. Við 70 þús. tonna veiði mun veiðistofn fara vaxandi, en hrygningarstofn standa nánast í stað. Núverandi sókn í ufsa samsvarandi veiðidánartölu 0.28, sem er heldur meiri en kjörsókn (0.23). Frekari sóknaraukning mun ekki leiða til aukins afla er fram í sækir, þar sem afrakstur á nýliða nú er svipaður og hámarksafrakstur. Með tilliti til þessa svo og óvissu um stærð yngstu árganganna leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli af ufsa árið 1986 verði 60 þús. tonn.

**Tafla 3.3.1. Ufsi. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.**

1985				1986				1987				1988		
Veiði- stofn 4*	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986	Veiði- stofn 4*	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði- stofn 4*	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði- stofn 4*	Hrygn.st.
300	200	0.28	55	Aflam. 70	310	190	0.35	70	330	190	0.35	70	350	195
				Aflam. 60			0.29	60	340	200	0.28	60	370	215
				Kjörsókn F <sub>k</sub>			0.23	50	350	210	0.23	55	390	230

F = Veiðidánartala 5—9 ára fisks.

#### 4. Karfi og djúpkarfi.

##### 4.1. Afli og sókn 1985.

Karfaafli á Íslandsmiðum minnkaði úr um 125 þús. tonnum árið 1983 í um 110 þús. tonn árið 1984 eða um 12%. Samdrátturinn í karfaafli Íslendinga 1984 á einkum rætur að rekja til minnkandi afla á sóknareiningu en auk þess minnkaði heildarsókn lítillega frá árinu áður. Á árinu 1985 er fyrirsjáanlegur mun meiri samdráttur í karfaafli en á árinu 1984. Í júnílok 1985 var aflinn orðinn rúm 40 600 tonn en var á sama tímabili 1984 um 65 þús. tonn. Ef reiknað er með svipuðum afla í júlí til desember 1985 og á sama tíma 1984, verður karfaafllinn ekki nema um 85 þús. tonn á árinu 1985, sem er 23% minni afli en 1984.

Verulegur samdráttur varð í veiðunum á svæðinu við Færeyjar, Ísland og Austur-Grænland í heild. Sömu karfastofnarnir eru á þessu svæði og miðast stofnmat við það. Þá er úthafskarfi talinn sérstakur stofn en veiðar úr honum hófust fyrst að marki árið 1982.

Á árinu 1984 var heildaraflinn á svæðinu tæp 138 þús. tonn en var 165 þús. tonn árið 1983. Auk þess voru veidd um 69 500 tonn af úthafskarfa 1984. Við Austur Grænland minnkaði aflinn um 15 þús. tonn eða úr 29 þús. tonnum 1983 í 14 þús. tonn 1984 sem er álíka mikil minnkun og varð hér við land. Hins vegar varð um 4 600 tonna aflaukning við Færeyjar.

##### 4.2. Aldurs- og lengdardreifing í afla

Hlutfall karfa undir 34 cm í afla var mjög svipað árin 1983 og 1984. Árið 1983 var nokkru hærra hlutfall 13—20 ára (34—42 cm) fisks í aflanum en árið 1984, en segja má að þessi árgangar beri uppi veiðina flest ár. Árið 1984 var hins vegar nokkuð meira af stærri fiski í aflanum, þannig að meðallengd landaðs karfa jókst lítillega, þ. e. úr 37.7 cm 1983 í 38.2 cm árið 1984.

Fyrri hluta árs 1985 (janúar—júni) bar meira á stórum fiski yfir 40 cm (þ.e. 19 ára og eldri) en var á árinu 1984 (miðað við allt árið) og reyndist meðallengd landaðs karfa fyrri hluta árs 1985 vera 39.1 cm.

Meira veiddist af smáum djúpkarfa á árinu 1984 en 1983. Þannig var meðallengdin 40.3 cm 1983 en 38.5 cm 1984. Á fyrri helmingi ársins 1985 var meðallengdin 39.5 cm.

#### 4.3 Ástand karfastofnanna.

Karfavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins hélt ekki fund árið 1985. Gögn frá árinu 1984 um ástand karfastofnanna af öllu svæðinu liggja því ekki fyrir. Á íslenska hafsvæðinu reyndist 77.4% aflans vera karfi (*Sebasta marinus*) en 22.6% djúpkarfi (*Sebasta mentella*). Ekki hefur tekist að meta stofnstærð djúpkarfa.

Heildarstofn karfa (7 ára og eldri) stækkaði á áttunda áratugnum úr 800 þús. tonnum í 1,2 millj. tonna árið 1979. Síðan hefur stofninn minnkað lítils háttar. Er nú heildarstofninn talinn vera um 1 100 þús. tonn og gotstofninn rúm 400 þús. tonn.

#### 4.4 Tillögur um hámarksafla 1986.

Á fundi karfavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins snemma á árinu 1984 var ástand karfastofnsins (*S. marinus*) á árinu 1986 framreiknað. Í þessum framreikningum var gengið út frá líklegum afla árin 1984 og 1985. Á árinu 1984 var, eins og að framan er getið, nokkru meiri samdráttur á veiðum en gert var ráð fyrir í framreikningi Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Í maí 1985 fjallaði ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um stjórnun fiskveiða (ACFM) m. a. um karfastofnana og taldi að ráðgjöf um að draga úr sókn í karfastofninn, sem gefin var 1984 fyrir veiðar á árinu 1986, væri enn í fullu gildi.

Í tillögum Alþjóðahafrannsóknaráðsins er mælt með 25 þús. tonna hámarksafla á djúpkarfa fyrir árið 1986. Hlutdeild djúpkarfa í heildaraflanum var á öllu svæðinu (úthafskarfi ekki meðtalin) tæp 44 þús. tonn þar af um 25 þús. tonn á Íslandsmiðum.

Samdráttur í karfaveiðum 1985 er vegna minni sóknar, en afli togara á sóknareiningu hefur einnig farið minnkandi allt frá árinu 1980 og er nú um 23% minni en árið 1980.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafla á Íslandsmiðum 1986 verði 85 þús. tonn af báðum karfategundum samanlagt.

Sem fyrr leggur Hafrannsóknastofnunin áherslu á nauðsyn þess að ná samkomulagi um nýtingu karfastofnanna við þær þjóðir sem veiða úr þeim.

### 5. Grálúða.

#### 5.1. Afli og sókn 1985.

Litið er á grálúðuna á svæðinu frá Austur-Grænlandi um Ísland til Færeyja sem einn stofn. Heildarafla á árinu 1984 á þessu svæði varð 34.284 tonn og var hlutur Íslendinga 30.080 tonn. Líklegt er að afli árið 1985 verði svipaður. Sókn í grálúðustofninn jókst á árinu 1984 og afli á sóknareiningu minnkaði miðað við undanfarin ár og er þar einkum stuðst við aflaskýrslur togara. Framvindan á árinu 1985 bendir til þess að framhald hafi orðið á þessari þróun.

#### 5.2. Ástand stofnsins.

Stærð grálúðustofnsins er metin með svokallaðri aldursafla-aðferð (VP-greiningu). Samkvæmt niðurstöðum VP-greiningar og sóknargagna hefur fiskveiðidánartalan vaxið talsvert á undanförunum árum. Þegar sókn hefur áður orðið álíka mikil og nú hefur það leitt til minnkandi stofns. Heildarstofninn hefir minnkað nokkuð tvö síðustu árin, en hrygningarstofninn hefur farið minnkandi síðan 1980. Nokkrar breytingar hafa orðið á vexti grálúðu á tímabilinu 1976—1984. Hann virtist hafa verið mestur í byrjun tímabilsins og farið minnkandi til ársins 1981 en hefur aukist nokkuð síðan. Þessar breytingar hafa þó verið fremur litlar. Þar sem litlar sveiflur virðast vera í árgangaskipan er gert ráð fyrir að nýliðun hafi verið í meðallagi síðustu ár. Þetta skapar nokkra óvissu um heildarstofnstærðina en hefur ekki áhrif á útreikninga á stærð hrygningarstofnsins.

### 5.3 Tillögur um hámarksafla 1986.

Út frá stofnmati og meðalnýliðun var gerð spá um heildarstofn og hrygningastofn grálúðu næstu ár miðað við 25,30 og 35 þús. tonna aflamark. Ef ársaflinn væri 25 þús. tonn virðist stofninn vaxa lítillega, en við 30 þús. tonna ársafla minnkar hann eilítið. Þarna er ekki um stórar breytingar að ræða og má því segja að æskilegur hámarksafl sé á bilinu 25—30 þús. tonn. Ef ársaflinn árið 1986 yrði 35 þús. tonn, sem er nálægt ársveiði 1984 og 1985 mundu bæði heildar- og hrygningarstofn minnka talsvert. Það er því nokkuð ljóst að núverandi sókn sem samsvarar veiðidánartölu 0.92 er of mikil, enda er hún langt umfram kjörsókn (0.26). Hafrannsóknastofnunin leggur því til, að hámarksafl árið 1986 verði 25 þús. tonn. Miðað við þróun grálúðuveiðanna undanfarin ár má gera ráð fyrir, að afli útlendinga úr grálúðustofninum verði um 4 þús. tonn árið 1986.

**Tafla 5.3.1. Grálúða.** Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð grálúðustofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.

1985		1986				1987				1988					
Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf		Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Stofn 5+	Hrygn.st.
				1986	1986										
160	55	0.92	34	Aflam. 35	150	50	1.20	35	145	40	1.48	35	140	35	35
				Aflam. 30			0.96	30	150	45	1.04	30	150	45	45
				Aflam. 25			0.75	25	155	50	0.73	25	160	55	55
				Kjörsókn F <sub>k</sub>			0.26	12	175	70	0.26	15	190	80	80

F = Veiðidánartala 9—16 ára grálúðu.

### 6. Steinbítur.

Steinbítur veiðist á línu og sem aukaafli í botnvörpu. Árlegar aflasveiflur eru sjaldan mjög miklar. Hámarksjafnstöðuafli steinbíts hér við land er um 13 þús. tonn. Afli fiskiskipa samanstandur af 8—20 ára gömlum fiski og er 10—15 ára fiskur algengastur í aflanum eða oftast um 65—76% aflans. Hefur þetta verið svipað undanfarin ár. Afli á sóknareiningu hjá vestfirskum línubátum hefur vaxið síðastliðin tvö ár. Svo virðist sem ástand steinbítsstofnsins sé allgott og lítilla aðgerða þörf til verndar honum.

### 7. Skarkoli.

Á árunum 1973 til 1981 var skarkolaafli í lágmarki eða um það bil 4 til 5 þús. tonn á ári. Aflinn hefur vaxið ört allra síðustu ár og var rúm 11 300 tonn árið 1984. Gert er ráð fyrir um 10 þús. tonna afla á árinu 1985.

Með hliðsjón af þróun skarkolaveiða á Íslandsmiðum á þessari öld er talið að varanlegur hámarksafl úr stofninum sé um það bil 10 þús. tonn á ári. Unnið er að ítarlegri athugun á fyrirliggjandi gögnum í því skyni að meta afrakstursgetu stofnsins með meiri nákvæmni.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að hámarksafl af skarkola á árinu 1986 verði 10 þús. tonn.

### 8. Blálanga.

Blálönguafli Íslendinga var mestur 8 133 tonn árið 1980. Síðan hefur hann dregist mjög saman og var ekki nema 3 120 tonn árið 1984. Aflinn á árunum 1980—1983 byggðist fyrst og fremst á sókn í hrygningarfisk á hrygningartíma. Árin 1984 og 1985 dró úr sókn í

hrygningarstofninn á hrygningartíma í febrúar—mars. Annars veiðist blálanga helst sem aukaafli við aðrar veiðar, einkum karfaveiðar, og er afli eitt til tvö þúsund tonn á ári. Á árinu 1985 var ekki sótt að ráði í hrygningarstofninn. Verulegur samdráttur í karfaveiðum á árinu hafði því áhrif á blálönguaflann og var hann ekki nema tæp 800 tonn í lok júní. Það er því líklegt að aflinn á árinu 1985 verði ekki nema um 1 500 tonn.

#### 9. Langa.

Lönguafli Íslendinga var 4 300 tonn árið 1983 en féll niður í 3 300 tonn árið 1984. Hann var ekki kominn nema í tæp 1 600 tonn í júní 1985 og verður ársaflinn sennilega undir 3 þús. tonnum. Langa veiðist eingöngu sem aukaafli við aðrar veiðar. Hún fæst í flest veiðarfæri en mest í botnvörpu og net.

Meðalársafli Íslendinga s.l. fimm ár (1980—1984) er tæp 3 600 tonn.

#### 10. Keila.

Keiluafli Íslendinga var 3 430 tonn árið 1984 sem er mjög svipaður afli og árið áður (3 440 tonn). Aflinn á árinu 1985 virðist ætla að verða eitthvað minni, því hann var ekki nema tæp 1 400 tonn í júnílok en var orðinn rúm 2 100 tonn á sama tíma 1984.

Meðalársafli Íslendinga s. l. fimm ár (1981—1984) var um 3 100 tonn. Hins vegar hefur heildarafli á Íslandsmiðum verið mun meiri flest árin og komist mest í tæp 6 700 tonn árið 1981 (afli Íslendinga það ár var rúm 2 800 tonn).

#### 11. Síld.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna og aflahorfur 1985 er lagt til að hámarksafli fyrir árið 1985 miðist við kjörsókn ( $F_k$ ). Helstu ástæður fyrir þessari tillögu eru þær að afrakstur á nýliða eykst lítið sem ekkert eftir að kjörsókn er náð. Enn fremur má minna á að sóknin í íslensku sumargotsíldina var miklu meiri heldur en kjörsókn þegar stofninn hrundi um og eftir 1965.

Ef stuðst er við seinustu bergmálmælingar, sem gerðar voru í janúar 1985, og gert ráð fyrir 50 þúsund tonna afla á vertíðinni 1985, ásamt meðalnýliðun 1986, mun kjörsókn leiða til um 50 þúsund tonna afla á vertíðinni 1986 og 1987.

Út frá aldurssamsetningu síldarstofnsins samkvæmt síðustu úttekt verður að telja víst að sterki árgangurinn frá 1979 muni bera uppi veiðina 1986. Eldri árgangar munu væntanlega hverfa að miklu leyti úr aflanum. Enn er talsverð óvissa um árgangana frá 1980 og 1981 en flest bendir þó til að þar sé um meðalárganga að ræða. Þeir munu því væntanlega verða mest áberandi í aflanum 1986, ásamt 1979 árganginum. Í fyrirhuguðum leiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar í árslok 1985 eða ársbyrjun 1986 munu fást nýjar upplýsingar um ástand síldarstofnsins.

Þessi bráðabirgðatillaga um afla á vertíðinni 1986 verður endurskoðuð strax og upplýsingar frá fyrrnefndum leiðangri liggja fyrir.

#### 12. Loðna.

Í febrúar 1985 var stærð hins ókynþroska hluta loðnustofnsins mæld norðan- og norðvestanlands. Þarna var aðallega árgangurinn frá 1983 auk þess hluta 1982 árgangsins sem ekki varð kynþroska vorið 1985. Niðurstaðan varð sú að lagt var til að leyfa veiðar á 6—700 þús. tonnum af þessum árgöngum á tímabilinu ágúst—nóvember 1985. Var þá gert ráð fyrir að unnt yrði að gera tillögu um veiðikvóta seinni hluta vertíðarinnar (desember 1985—mars 1986) að loknum bergmálmælingum á stærð stofnsins í október og nóvember í haust (1985).

Athuganir á loðnugöngum á Íslands — Grænlands — Jan Mayen svæðinu, sem gerðar voru í ágúst s. l., benda til sterks 1983 árgangs, sem er í samræmi við fyrri niðurstöður.

Útlitið er því gott varðandi yfirstandandi loðnuvertíð. Fullnaðarsvar við því hvefs megi vænta um loðnuafla á tímabilinu desember 1985/mars 1986 mun þó ekki liggja fyrir fyrir eftir bergmálmælingar á stærð stofnsins, sem gerðar verða í október og nóvember í haust.

Um haustvertíðina 1986 er meiri óvissa, en þar kemur m. a. til árgangurinn frá 1984. Af honum mældist mjög lítið í ágúst s. l., eða um 1/9 hluti miðað við 1983 árganginn á sama aldri. Ekki er fengin fullnægjandi reynsla af sumarmælingum á mergð árgamallar smáloðnu. Fari svo að 1984 árgangurinn reynist jafn lélegur og seinustu athuganir benda til má búast við miklum samdrætti í hinum veiðanlega hluta loðnustofnsins á næstu vertíð (1986/87) þrátt fyrir það að allmikið af 1983 árganginum mun þá enn verða í veiðinni.

Nánari upplýsingar um útlit og horfur á haustvertíð 1986 fást væntanlega nú í haust og næsta vetur.

### 13. Humar.

#### 13.1 Humarveiðarnar 1985.

Humarvertíðin 1985 hófst 20. maí og lauk í byrjun ágúst enda þótt langflestir bátar hafi verið búnir með aflakvóta sinn mun fyrir.

Alls var úthlutað um 2 400 tonna humarkvóta til 83 báta. Þó að heildarkvótinn væri heldur minni en árið 1984 kom svipaður afli í hlut hvers báts vegna fækkunar humarveiðileyfa frá árinu áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust alls um 2 375 tonn af humri á vertíðinni 1985 en humaraflinn 1984 var 2 440 tonn.

Pegar á heildina er lítið voru aflabrögð víðast mjög góð enda gæftir og önnur skilyrði til humarveiða eins og best gerist. Meðalafli á togtíma 1985 varð um 55 kg eða mun betri en 1984 er meðalafllinn var 45.6 kg á togtíma. Er þetta svipuð útkoma og á árunum 1981—82 miðað við að heildaraflinn nú er nokkru minni. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna og aflahorfur 1985 var ekki gert ráð fyrir því, að meðalafli á togtíma mundi aukast enda gætti nokkurrar óvissu um nýliðun í stofninum 1984, nema á svæðum við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka þar sem nýliðun var góð. Á vertíðinni 1985 fengust frekari staðfestingar á góðri nýliðun á ofangreindum svæðum, auk þess sem nýliðun virðist víða annars staðar betri en áætlað var 1984. Batnandi nýliðun auk sérstaklega góðra skilyrða til humarveiða stuðluðu því að betri útkomu veiðanna 1985 en stofnmatið 1984 gerði ráð fyrir.

Á suðvesturmiðum (Miðnessjór — Selvogsleir) aflaðist mun betur nú en 1984, eða um 535 tonn á móti 420 tonnum árið áður. Veruleg aukning varð á afla á togtíma eða úr 36.1 kg 1984, sem var að vísu óvenju lélegt miðað við síðustu ár, í um 45 kg 1985. Selvogsleirinn og svæðin norður og vestur af Eldey komu sérstaklega vel út miðað við 1984 og áframhaldandi aflaukning varð á sumum svæðum dýpra, t. d. við Eldeyjarboða.

Á Selvogsbanka og við Vestmanneyjar varð aflinn talsvert minni en árið áður eða um 555 tonn á móti 720 tonnum 1984. Mikil aukning varð hins vegar í afla á togtíma eða úr 47.9 kg 1984 í um 56 kg 1985. Hefur meðalafllinn á á togtíma því aukist á hverju ári síðan 1982 og varð nú sá mesti síðan 1964. Þessi þróun á rætur að rekja til mjög góðrar nýliðunar og hlutfall smærri humars á þessum svæðum er því jafnframt hærra en víðast annars staðar.

Aflinn á suðausturmiðum (Skaftárdjúp—Lónsdjúp) varð svipaður og árið 1984, eða um 1 285 tonn á móti 1 310 tonnum. Hins vegar jókst meðalafli á togtíma úr 48.5 kg 1984 í um 60 kg 1985 og er því aftur kominn í líkt horf og árin 1981—1982. Að Hornarfjarðardjúpi undanskildu jókst meðalafllinn alls staðar verulega og þó sérstaklega í Breiðamerkurdjúpi. Virðist útlit með nýliðun nú mun betra eftir slaka nýliðun og samdrátt í meðalafli á togtíma 1983—1984.

### 13.2 Ástand humarstofnsins 1985 og horfur 1986.

Pótt nokkrar vísbendingar væru fyrir hendi um aukna nýliðun í humarstofninum á vertíðinni 1984 og þá einkum á svæðum við Vestmannaeyjar, gefur útkoma veiðanna árið 1985 ástæðu til að ætla að nýliðunin sé víðast betri en fram kom í veiðinni árið áður. Árgangar frá árabílinu 1975—1980, sem hafa flestir verið taldir undir meðallagi út frá hlutdeild í afla síðustu ár, komu mun betur fram í veiðinni 1985 en reiknað var með. Nú virðist því árgangurinn frá 1977 vera fremur góður og hinir u. þ. b. í meðallagi.

Eins og greint var frá að framan komu veiðarnar 1985 nokkuð betur út en spáð hafði verið á árinu 1984. Veiðarnar árin 1980—1984 voru aftur á móti í mjög góðu samræmi við stofnmat hverju sinni. Fyrir þessu geta legið ýmsar ástæður einkum þó þær að nýliðunin í yngri hluta stofnsins virðist betri en séð var fyrir 1984. Óvenju góð skilyrði til humarveiða 1985, bæði hvað varðar gæftir og ástand sjávar, eru þó einnig talin eiga verulegan þátt í sérstaklega góðri útkomu veiðanna.

Með hliðsjón af framansögðu, leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark á humri 1986 verði 2 500 tonn. Ef fram heldur sem horfir með nýliðun, má jafnframt gera ráð fyrir enn frekari aflaukningu eftir 1986.

Að lokum skal þess getið að humarveiði hefur farið vaxandi á nokkrum jaðarveiðisvæðum, sem nær ekkert hafa gefið af sér í 10 ár eða lengur eða jafnvel engar veiðar hafa verið stundaðar á áður. Þessi svæði gætu gefið af sér einhverja viðbótarveiði á komandi árum, en reikna verður með meiri sveiflum í aflabrögðum þar. Eins og sakir standa mætti athuga með afla- og sóknarmark fyrir þessi svæði sérstaklega, utan hefðbundinna veiða, enda yrðu veiðimöguleikar best kannaðir með því móti.

## 14. Hörpudiskur.

### 14.1 Hörpudisksveiðarnar 1985.

Heildaraflí hörpudisks 1985 verður líklega svipaður og árið 1984, en þá voru veidd 15 600 tonn. Hörpudisksveiðarnar gengu þokkalega, en áframhaldandi erfiðleikar stöðjuðu að vinnslunni vegna sölutregðu og lágs verðs á smærri hörpudiski. Leiddi þetta m. a. til mjög ójafnrar dreifingar í sókninni á Breiðafjarðarmiðum, þar sem hlutdeild smærri hörpudisks er hærri en víðast annars staðar og varð meðalafli á veiðistund þar minni en um langt árabíli.

#### 14.1.1. Breiðafjörður.

Líklegur hörpudisksaflí á þessu svæði verður um 11 500 tonn árið 1985, en hann var 11 800 tonn 1984. Vegna slæmrar stöðu á mörkuðum fyrir smáan hörpudisk 1984—1985 hefur sóknin í æ ríkari mæli beinst á svæði í sunnanverðum Breiðafirði með þeim afleiðingum að meðalafli á veiðistund hefur minnkað úr um 1 000 kg árin 1981—1983 í 963 kg 1984 og 840 kg 1985. Meðalafllinn á veiðistund það sem af er árinu 1985 er sá minnsti í Breiðafirði allar götur síðan 1977—1978. Jafnframt hefur hlutdeild stærri skelja í aflanum minnkað verulega á sama tíma á vissum svæðum.

#### 14.1.2. Vestfirðir.

Í Arnarfirði verður aflinn líklega um 600 tonn árið 1985, en veiðin þar var heldur minni eða 550 tonn árið 1984. Meðalafli á veiðistund virðist hafa verið svipaður og 1984 eða um 450 kg, en hann minnkaði nokkuð eftir alltof miklar veiðar 1983.

Í Ísafjarðardjúpi mun hörpudisksveiðin árið 1985 að öllum líkindum verða um 550 tonn, en hún var 854 tonn árið 1984. Nokkur samdráttur varð áfram í afla á veiðistund eða úr 356 kg 1984 í um 325 kg 1985, enda fór veiðin verulega fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar bæði árin 1983 og 1984.



#### 14.1.3. *Norðurland.*

Hörpudisksveiðar gengu vel í Húnaflóa og er aflinn um 1 800 tonn á árinu, en var 1 733 tonn 1984. Meðalafli á veiðistund jókst enn fremur verulega eða úr 375 kg 1984 í um 475 kg 1985, enda jókst sóknin á nýjum veiðisvæðum sem fundust 1984.

Hörpudiskaflinn í Skagafirði jókst úr rúmlega 400 tonnum 1984 í um 500 tonn 1985 og meðalafli á veiðistund varð svipaður eða um 370 kg á móti 352 kg 1984. Þá voru að auki veidd um 150 tonn á Skagagrunni árið 1985 og var meðalafli á veiðistund góður eða um 570 kg.

#### 14.2 **Ástand hörpudisksstofna 1985 og horfur 1986.**

Hörpudiskurinn er mjög staðbundin tegund. Þar af leiðandi er oftast mjög auðvelt að ofveiða hann á einstökum svæðum. Af ýmsum ástæðum endurnýjast hörpudiskur ákaflega mishratt á svæðunum og oft má gera ráð fyrir aflsamdrætti í áraraðir í kjölfar of mikilla veiða. Ástand hörpudisksstofna nú og horfur fyrir veiðarnar 1986, bera nokkurn keim af því, að undanfarin tvö til þrjú ár hefur sóknin beinst úr hófi á viss svæði umfram önnur. Hefur veiðin því fremur stjórnað af heppilegri aflsamsetningu heldur en ástandi miða eða aflabrögðum.

Árið 1985 var þetta einkum áberandi á vissum svæðum í sunnanverðum Breiðafirði (reitur I) með þeim afleiðingum að afli á veiðistund dróst þar saman um 14% frá árinu áður. Í þessum reit hefur afli á veiðistund minnkað jafnt og þétt um allt að 30% frá árinu 1982. Á öðrum svæðum hefur meðalafli hins vegar haldist góður.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um 11 þús. tonna hámarksafla í Breiðafirði 1985, byggðust á stofnmati í árslok 1984. Var þá gert ráð fyrir því að æskileg hlutdeild umræddra svæða í sunnanverðum firðinum (reitur I), yrði um 2 þús. tonn á árinu 1985, sem er aðeins undir hámarksafkrakstri, en veiðin þar var um 3 500 tonn 1984. Af ástæðum sem rekja má til ástands á mörkuðum, eins og áður er getið, varð veiðin í ár mun meiri en æskilegt hefði verið á þessum svæðum enda hörpudiskurinn stærri þar en annars staðar í Breiðafirði. Samkvæmt bráðabirgðatölum höfðu alls fengist um 3 500 tonn á umræddum svæðum, þegar þeim var lokað um miðjan september. Þessi mikla sókn hefur leitt til samdráttar í afla á sóknareiningu og smækkandi skelja í aflanum eins og að framan greinir. Horfur á hörpudisksveiðum á sunnanverðum Breiðafirði (reitur I) 1986 eru því ekki góðar og óhjákvæmilega verður að draga stórlega úr sókninni miðað við undanfarin 2—3 ár. Af þessu leiðir að gera verður ráð fyrir samdrætti í heildarafla, en jafnframt auknum veiðum í norðanverðum firðinum. Er því lagt til að leyft verði að veiða 10 þús. tonn af hörpudiski í Breiðafirði 1986 og að þar af verði aðeins veidd um 10—15% aflans í reit I í sunnanverðum firðinum. Tillaga um 10 þús. tonna aflamark, sem er u. þ. b. hámarksafkrakstur fjarðarins nú, byggist því einkum á góðu ástandi annarra svæða.

Smávegis samdráttur varð í afla á veiðistund í Arnarfirði árin 1984—1985 eftir að veiðar fóru verulega fram úr aflakvótanum árið 1983. Ástand miða er þó mjög viðunandi í Arnarfirði og hljóða tillögur upp á 600 tonna veiði þar 1986.

Í Ísafjarðardjúpi fóru hörpudisksveiðar árin 1983—1984 verulega fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Í kjölfarið hefur meðalafli á veiðistund árin 1984—1985 minnkað um 25% eftir að hafa verið mjög stöðugur árin 1980—1983. Því er lagt til að leyfilegur hámarksafla verði þar áfram fremur lágur eða 500 tonn 1986, sem er um 20% undir áætluðum hámarksafkrakstri þessa svæðis.

Pokkalegur afli hefur haldist á nýjum miðum í Húnaflóa, Skagafirði og Vopnafirði og lagt er til að kvótar verði óbreyttir á þeim svæðum 1986.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla af hörpudiski á hinum ýmsu veiðisvæðum árið 1986 eru því sem hér segir:

	Tonn
Breiðafjörður .....	10 000
Patreks- og Tálknafjörður .....	200
Arnarfjörður .....	600
Dýrafjörður .....	100
Ísafjarðardjúp .....	500
Húnaflói .....	1 800
Skagafjörður .....	500
Vopnafjörður og Bakkafloi .....	500
Alls	14 200

## 15. Rækja.

### 15.1 Veiðarnar 1984 og 1985.

Veiðar hafa gengið heldur verr á árinu 1985 en 1984.

Tafla 15.1.1.  
Rækjuafli í tonnum eftir svæðum og árum.

	1981	1982	1983	1984	1985 <sup>1)</sup>
Tálknafjörður .....	—	—	20	24	50
Arnarfjörður .....	662	505	516	308	400
Ísafjörður .....	2 278	3 051	2 360	2 290	1 200
Húnaflói .....	2 027	2 547	2 238	2 461	3 100
Skagafjörður .....	—	—	—	200	200
Óxarfjörður .....	79	—	135	314	350
Berufjörður .....	18	21	86	62	80
Reyðarfjörður .....	—	—	—	44	80
Við Eldey .....	491	941	1 120	1 828	1 500
Grunnslóð samt.		7 434	6 884	7 875	7 120
Kolluáall .....	—	—	—	2 813	1 200
Döhrnbankasvæðið .....	110	—	43	742	900
Norðurkantur .....	1 463	719	2 557	3 339	4 700
Sporðagrunn .....	349	698	2 074	2 744	2 300
Við Kolbeinsey .....	46	8	284	1 982	500
Eyjafjarðaráll .....	12	11	255	463	130
Skagafjarðardjúp .....	198	162	340	636	1 800
Við Grímsey .....	182	137	599	3 069	2 100
Sléttugrunn .....	—	—	1	118	20
Bakkaflóadjúp .....	—	—	—	11	100
Héraðsflóadjúp .....	—	—	10	364	1 500
Berufjarðaráll .....	—	—	27	72	10
Lónsdjúp .....	—	—	—	50	40
Önnur Austfjarðamið .....	—	—	28	188	100
Djúpslóð samt.	2 360	1 735	6 238	16 541	15 400
Annað	16	11			
Rækjuafli samt.	8 146	9 180	13 102	24 416	22 520

1) Áætlaðar tölur

Heildaraflí í ár mun að líkindum verða um 22.5 þús. tonn, en hann var 24 416 tonn 1984.

Á grunnslóð varð einkum samdráttur í veiðum í Ísafjarðardjúpi, sem að verulegu leyti má rekja til smokkfiskgangna og fiskseiða í afla haustið 1984. Hins vegar gengu veiðarnar í Húnaflóa betur en nokkru sinni fyrr og aflabrogð við Eldey voru áfram mjög góð.

Rækjuafllinn á djúpslóð hefur minnkað um 7% frá árinu 1984, enda voru gæftir slæmar á norðurmiðum á þessu sumri og kom það einkum niður á smærri bátum. Þar að auki voru heldur færri bátar með veiðileyfi í ár eða 153 á móti 162 árið 1984. Samdráttur varð einkum í rækjuveiði á miðunum við Kolbeinsey, Grímsey og Kolluál. Hins vegar varð veruleg aukning í veiðum á Norðurkanti og í Skagafjarðar- og Héraðsflóadjúpi (sjá töflu 15.1.1.).

### 15.2 Ástand rækjustofnanna 1985 og horfur árið 1986.

Á Eldeyjarmíðum byggðust veiðarnar mest á tveggja og fjögurra ára rækju. Vegna stærðar fyrrnefnda árgangsins eru veiðihorfur því áfram góðar á þessu svæði árin 1986 og 1987.

Afli á togtíma hefur minnkað mikið í Kolluál og Breiðafirði frá árinu 1984 til 1985. Á Breiðafirði hefur afli á togtíma minnkað úr 112 kg 1984 í um 57 kg 1985 og í Kolluál úr 105 kg í 71 kg. Upp á síðkastið hefur veiðin byggst í æ ríkara mæli á tveggja ára rækju þar sem hún er mjög sterkur árgangur í Kolluál eins og við Eldey.

Margt bendir til þess að sami rækjustofn sé í Breiðafirði og Kolluál, enda er árvísst að afli á togtíma rís úr nánast engu á Breiðafirði að vorinu og minnkar síðan jafnt og þétt niður í nær ekkert þegar komið er fram í júní—júlí. Í Kolluál er rækjuafli hins vegar alltaf jafnari frá vori til hausts. Það virðist einkum vera þriggja ára rækja sem fer inn á Breiðafjörð á vorin en meira verður eftir af tveggja ára rækju í Kolluál.

Rækjustofninn á Arnarfirði virðist vera í lægð, sem orsakast einkum af slæmri nýliðun. Veturinn 1984—85 var þriggja og fjögurra ára rækja mest áberandi í veiðinni og verður svo væntanlega vertíðina 1985—86. Hlutdeild 1 árs rækju í aflanum mun þó fara vaxandi, þar eð árgangurinn frá 1984 er talinn sterkur.

Sumarið og haustið 1984 var óvenju mikið um smokkfisk og þorsk í Ísafjarðardjúpi. Útbreiðsla rækju minnkaði því töluvert á svæðinu af þessum sökum. Veiðar gengu einnig illa veturinn 1984—85 vegna fiskseiða í afla. Var fyrst dregið úr vikukvóta um haustið en í janúar og febrúar voru veiðar bannaðar í 5 vikur. Árgangurinn frá 1982 verður uppistaðan í aflanum veturinn 1985—86.

Í Húnaflóa var mjög gott ástand veturinn 1984—85 og byggðist veiðin mikið á fjögurra og fimm ára rækju. Hámarksafurtekstur rækjusvæða í Húnaflóa virðist hafa aukist eftir að þar var tekin upp felling á hliðarstykkjum í rækjuvörpum. Þessi nýjung hefur verið almennt notuð í Húnaflóa síðan árið 1983, en ekki er vitað til þess að hún hafi verið tekin upp annars staðar við landið. Afli á togtíma var mestur í Húnaflóa af öllum svæðum eða 827 kg á togtíma að jafnaði veturinn 1984—85. Samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar var hámarksafli aukinn úr 2 500 í 3 000 tonn vorið 1985.

Rækjustofninn í Öxarfirði er nú vaxandi. Sennilega verður 2 ára rækja mest áberandi veturinn 1985—86, en 3 ára og einkum 4 ára rækja verður að líkindum í nokkru magni í veiðinni.

Engar aflatakmarkanir hafa verið á úthafssvæðum og var afllinn 16 540 tonn árið 1984. Sókn verður heldur minni á árinu 1985 en 1984 eins og áður er vikið að. Má því búast við að afli á djúpslóð verði heldur minni árið 1985 en árið áður. Veiðar gengu betur í Bakkaflóa- og Héraðsflóadjúpi árið 1985 en árið áður. Við Kolbeinsey var einnig mikill afli á togtíma en minna var þar veitt á árinu 1985 en 1984. Afli á togtíma var svipaður á öðrum úthafsmiðum bæði árin.

### 15.3 Tillögur um hámarksafla.

Eins og áður eru lagðar fram tillögur um hámarksafla fyrir öll svæði á grunnslóð. Þar við bætist Kolluáll vegna tengsla hans við Breiðafjarðarsvæðið.

Við Eldey hefur hámarksafurastur aukist verulega undanfarin ár. Má þar sennilega mest þakka góðri nýliðun í nokkur ár. Lagt er til að hámarksafla á þessu svæði verði 1 500 tonn árið 1986.

Hafrannsóknastofnunin leggur nú til að Breiðafjörður — Kolluáll verði eitt svæði bundið kvóta. Þar hefur orðið mikill samdráttur í afla, sem talinn er eiga rætur að rekja til of mikilla veiða árið 1984. Því er lagt til að hámarksafla á þessu svæði verði 1 þús. tonn 1986.

Rækjustofninn í Arnarfirði er enn í talsverðri lægð vegna lélegrar nýliðunar að undanfögnu. Því er lagt til að hámarksafla verði áfram lágur eða 400 tonn veturinn 1985/86. Með þessu móti verður sterkur árgangur af 1 árs rækju nýttur til endurreisnar stofnsins í firðinum.

Gert er ráð fyrir betri útkomu veiðanna í Ísafjarðardjúpi veturinn 1985/86 en 1984/85, enda verður góður árgangur þriggja ára rækju ráðandi. Er því lagt til að aflamarki verði 2 200 tonn veturinn 1985/86.

Mjög góð veiði var í Húnaflóa veturinn 1984/85 og er þess vænst að svo verði áfram. Er því lagt til að hámarksafla verði 2 800 tonn veturinn 1985/86.

Stofninn í Öxarfirði er álitinn hafa náð sér að mestu eftir mikla lægð 1980—1982. Lagt er til að hámarksafla verði 500 tonn í Öxarfirði veturinn 1985/86.

Enn sem komið er þykir ekki tímabært að setja hámarksafla á veiðar á djúpslóð norðan lands og austan. Þó kann að vera nauðsynlegt að vernda einstök svæði með lokunum vegna ungrækju.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um leyfilegan hámarksafla rækju á hinum ýmsu veiðisvæðum eru í töflu 15.3.1.

Tafla 15.3.1.

Rækja. Tillögur um hámarksafla á kvótasvæðum.

	Veturinn 1985/86	Árið 1986
Patreksfjörður-Tálknafjörður .....	60	
Arnarfjörður .....	400	
Húnaflói .....	2 800	
Skagafjörður .....	200	
Öxarfjörður .....	500	
Reyðarfjörður .....		80
Berufjörður .....		80
Við Eldey .....		1 500
Breiðafjörður-Kolluáll .....		1 000

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla í tonnum úr hinum ýmsu nytjastofnum eru því eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

---

Porskur .....	300 000
Ýsa .....	50 000
Ufsi .....	60 000
Karfi .....	85 000
Grálúða .....	25 000
Skarkoli .....	10 000
Síld .....	50 000
Loðna <sup>1)</sup> .....	
Humar .....	2 500
Hörpudiskur .....	14 200
Rækja <sup>2)</sup> .....	8 820

---

1) Bergmálmælingum í stærð stofnsins er ekki lokið.

2) Sjá nánar töflu 15.3.1.

### Fylgiskjal III.

#### Ástand sjávar, plöntusvífs og átu í hafinu umhverfis Ísland.

##### 1. Ástand sjávar, plöntusvífs og átu í hafinu við Ísland.

###### 1.1. Rannsóknir fyrri ára.

Um árábil hefur árferði í sjónum við Ísland verið metið af gögnum sem safnað hefur verið í leiðöngrum að vorlagi. Í leiðöngrum þessum hefur verið könnuð dreifing sjógerða af suðlægum sem norðlægum uppruna, magn næringarefna, framleiðni þörunga og tegunda-samsetning svo og magn og tegundir svifdýra (átu). Áður en fjallað verður sérstaklega um niðurstöður vorleiðangurs 1985, þykir rétt að drepa á nokkur veigamikil atriði sem fram hafa komið í rannsóknnum fyrri ára.

Ísland er á mörkum hlýrra og kaldra hafstrauma. Sunnan úr hafi kemur atlantískur hlýsjór upp að landinu, sem streymir norður með Vesturlandi inn á norðurmið og jafnvel allt í kringum landið, þegar vel árar. Norðan úr höfum kemur kaldur pólsjór, sem streymir um Grænlandssund og djúpt fyrir Norður- og Austurlandi.

Sunnan og vestanvert við landið er því ætíð atlantískur hlýsjór og hitastig hans og selta breytist fremur lítið frá ári til árs (hitastig meira en 5°C, selta hærra en 35). Vegna ferskvatnsflæðis af landi er þó oft um verulega seltulækkun að ræða á landgrunninu. Þar er að finna strandstraum sem flæðir réttsælis í kringum landið. Styrkur hans fer eftir magni ferskvatns og þeim öflum sem blanda ferskvatni við sjógerðir á landgrunninu en þar um ræður vindafar miklu. Árin 1984 og 1985 gætti áhrifa strandstraumsins meir að vorlagi en nokkru sinni síðan 1976.

Á hrygningarslóðum sunnanlands er mikill munur frá ári til árs á vorkomu gróðurs sem má meðal annars rekja til breytilegs ferskvatnsflæðis út á grunnin. Það sýnist ljóst, að þegar áhrifa ferskvatns gætir snemma á vorin úti á landgrunninu, myndast skilyrði til gróður-aukningar og þau ár virðist hrygning rauðátunnar hafa tekist vel, t. d. 1973, 1976 og 1981. Kalda vorið 1979 voru áhrif ferskvatns aftur á móti óvenju lítil á landgrunninu og þá varð gróðuraukningin seint á ferð og áta með minnsta móti.

Aðstæður í hafinu norðan Íslands og austan ráðast að verulegu leyti af því hversu mikið streymir af hlýjum og selturíkum Atlantssjó inn á norðurmið. Niðurstöður sjórannsóknna að vori fyrir Norðurlandi sýna nokkuð stöðugt ástand 1924—1964 (meðalhita um 5°C og selta um 35). Árin 1965—1971, svonefnd hafísár, breyttist ástandið til hins verra (hitastig var allt að 0°C og selta um 34) þ. e. pólsjórinn kom í staðinn fyrir Atlantssjóinn. Á árunum 1972—1974 varð svo nokkurt lát á flæði pólsjávar og gáfu mælingar þá von um að kuldatímabilið væri liðið hjá. Svo var þó ekki og skiptust á hlý og köld ár allt fram til ársins 1980, en þá var ástand sjávar svipað og fyrir 1965. Árin 1981, 1982 og 1983 voru köld en vorið 1984 varð greinileg breyting, þar sem þá gætti á ný áhrifa hlýsjávar á norðurmiðum.

Þau umskipti, sem urðu á norðurmiðum 1965, höfðu afdrifaríkar afleiðingar á vöxt þörungasvífsins og afkomu rauðátunnar á svæðinu. Mikil lagskipting sjávarins olli því að endurnýjun næringarefna í yfirborðslögum minnkaði og kom það í veg fyrir áframhaldandi vöxt þörunga eftir vorhámark. Á hlýju árunum á undan hafði hins vegar stöðug blöndun viðhaldið nokkuð miklum plöntuvexti fram eftir sumri. Þá var einnig mikil rauðáta á þessu svæði en hún nánast hvarf um 1965. Eins og áður er getið voru frá 1971 miklar breytingar frá ári til árs í útbreiðslu hlýsjávar annars vegar og pólsjávar hins vegar á norðurmiðum. Mismikill þörungagróður endurspeglar vel þær breytingar sem urðu á norðurmiðum 1970—1980. Eftir 1980 hefur samband gróðurmagns og sjógerða verið mun flóknara. Í svalsjó 1981

og 1982 var t. d. mjög mikill gróður að vorlagi, en árið 1984 þegar atlantísk áhrif voru aftur greinileg var gróður hins vegar líttill. Sýnir þetta að ekki er einfalt samband milli gróðurmagns og sjógerða á norðurmiðum. Rauðátan þar hefur ekki náð fyrra magni og alveg fram á síðustu ár hefur hún verið í svipuðu lágmarki og á ísárunum 1965—1971. Sennilega þarf rauðátan nokkurra ára samhangandi góðæri til þess að ná fyrri stofnstærð. Magn kaldsjávar í dýrasvifinu í Austur-Íslandsstraumi, hefur hins vegar lítið breyst undanfarin ár.

Hér hefur í stórum dráttum verið greint frá þeim breytingum sem verða í sjónum við Ísland. Koma þær fram í strandstraumnum sunnan lands og vestan, misjöfnu flæði Atlantssjávar norður fyrir land sem og í misjöfnu flæði pólsjávar á norður- og austurmiðum. Þær hafa veruleg áhrif á fyrstu hlekki fæðukeðjunnar, vöxt þörungasvifsins og afkomu dýrasvifsins og segja síðan til sín ofar í fæðukeðjunni svo sem fram hefur komið í vexti og viðgangi nytjastofna á Íslandsmiðum.

### 1.2. Vorið 1985.

Vorið 1985 var hitastig í atlantíska hlýsjónum sunnan og vestan lands nálægt meðallagi fyrri ára (6—7°C). Á þessu svæði var framleiðni plöntusvifs fremur há, sérstaklega utan landgrunnnsins vestur af landinu. Yfir landgrunninu benti upptaka næringarefna til þess að töluverður plöntuvöxtur hefði verið fyrir um vorið. Á þessu svæði mældist óvenju mikil og væn áta sem hafði nýtt sér þörungana fyrir um vorið. Mikill styrkur næringarefna í yfirborðslögum benti til áframhaldandi plöntuvaxtar og nægilegs fæðuframbods fyrir dýrasvifið.

Fyrir norðan landið var útbreiðsla hlýsjávar 1985 með mesta móti sé miðað við undangengin 20 ár og þegar í lok maí gætti áhrifa hans austur að Langanesi. Yfirborðslögin voru rík af næringarefnum og gróðuraukningin virtist hafa verið með seinna móti. Útbreiðsla hlýsjávar, styrkur næringarefna og magn plöntusvifs svipaði þannig mjög til þess sem var hlýja árið 1980. Á grunnslóðinni norðanlands var lítið um átu en magnið jókst eftir því sem fjær dró landinu. Þó að magn rauðátu á norðurmiðum hafi ekki verið mikið borið saman við önnur svæði við landið sýndu rannsóknir að meira var af rauðátu en undanfarin 5 ár.

Á hafsvæðunum norðaustur af landinu gætti lítið áhrifa hins kalda Austur-Íslandsstraums og var hitastig í yfirborðslögum hvergi undir 0°C. Þörungagróður var fremur líttill á þessu svæði en gera má ráð fyrir því að mikið magn af kaldsjávarátu sem þar var að finna hafi nýtt framleiðslu þörunganna með stöðugri beit.

Austan Íslands náði hlýsjávar tungan lengra norður en mörg undanfarin ár. Óvenju mikla átu var þar að finna, en hins vegar lítið af þörungum líkt og annars staðar þar sem mest var af átu.

Umhverfisskilyrði í hafinu við Ísland vorið 1985 reyndust þannig að mörgu leyti sambærileg við ástand á hlýju árunum fyrir 1965. Vegna mikilla breytinga sem geta orðið frá ári til árs verður þó engu spáð um framvindu 1986.

Rannsóknir hafa bent til þess að vindafar vestur af landinu hafi veruleg áhrif á flæði Atlantssjávar inn á norðurmið. Minna er um það vitað hvað aðstæður sunnar í Atlantshafi hafa á þetta flæði. Að vorlagi fer strandstraumurinn við landið mjög eftir veðri og vindum undangenginna vikna og mánaða. Spádómar um árferði í hafinu 1986 eru því á ýmsa lund háðir sömu vandkvæðum og veðurspár til margra mánaða.